



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn, 20. júlí, 2006

Ákvörðun nr. 33/2006

## **Kaup Símans hf. á Radíómiðun-Ísmar ehf.**

### **1.**

Þann 16. júní 2006 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Síminn hf. (hér eftir nefnt Síminn) hafi keypt hluta af rekstri Radíómiðunar-Ísmar ehf. (hér eftir nefnt Radíómiðun). Framsetning samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna<sup>1</sup>. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 24. maí 2006. Þá fylgdu skránni einnig ýmis gögn um bæði félög, s.s. vottorð Hlutafélagaskrár, viljayfirlýsing samrunaaðila, minnisblað um tildrög kaupanna og ársreikningar samrunaaðila, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

### **2.**

Aðilar samrunans eru tveir, Síminn og R. Sigmundsson ehf. (hér eftir nefnt R. Sigmundsson). Í tilkynningunni segir að Síminn sé „*alhliða fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtæki. Tilgangur Símans hf., skv. samþykktum félagsins er að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með því að veita hvers konar þjónustu á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, svo og hvers konar þjónustu á sviði verslunar, iðnaðar, dreifingar, sölu, fjármála og viðskipta, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignarekstur og lánastarfsemi og að reka aðra skylda starfsemi sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins*“.

Um R. Sigmundsson segir að félagið sérhæfi sig í þjónustu við útgerðina í landinu og sinni heildarlausnum á sviði siglinga-, fiskleitar- og fjarskiptatækja. Tilgangur félagsins skv. samþykktum þess sé „*sala (heildsala og smásala) og þjónusta á rafeindatækjum og siglingatækjum og annar skyldur rekstur, svo og rekstur og fasteigna og lánastarfsemi*“.

---

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Í tilkynningunni er vikið að aðdraganda samningaviðræðna Símans og R. Sigmundssonar. Þar segir að R. Sigmundsson hafi fyrir skömmu keypt fyrirtækið Radíómiðun í þeim tilgangi að sameina það öðru fyrirtæki í eigu félagsins, Vélasölu hf., og skapa þannig alhliða þjónustufyrirtæki fyrir sjávarútveginn. Þá segir að „rekstur Radíómiðunar hafði í meginatriðum verið tvíþættur, annarsvegar endursala á gervihnattaþjónustu og hinsvegar sala á fjarskiptabúnaði og fiskileitartækjum. Fyrirtækið var í góðum rekstri, með umtalsverða markaðshlutdeild og tryggan hóp viðskiptavina, þrátt fyrir mikla samkeppni í fjarskiptahlutanum bæði frá erlendum aðilum og Símanum“.

R. Sigmundsson og Síminn hafa átt í samstarfi í nokkur ár með uppsetningu og þjónustu á fjarskiptabúnaði fyrir skip að því er segir í samrunatilkynningunni. Því hafi verið eðlilegt að R. Sigmundsson leitaði til Símans um rekstur fjarskiptahlutans sem hafi áður verið hjá Radíómiðun. Samrunaaðilar taka fram að ekki sé ráðgerður samruni milli félaganna í skilningi hlutafélagalaga, heldur stefni aðilar að því að stofna saman nýtt félag, Fjar-skip, til að annast sölu og þjónustu til viðskiptavina. Félagið verði hýst í verslun R. Sigmundssonar og muni taka við allri gervihnattaþjónustu beggja aðila. Fjar-skip tæki einnig yfir sölu og þjónustu á öllum fjarskiptabúnaði sem Síminn, R. Sigmundsson og Radíómiðun seldu áður.

Um markmið samrunans segir að þau séu að „Síminn nái þeim styrk að geta samið milliliðalaust við birgja sem selja aðgang að gervihnattaþjónustu og þannig náð hagstæðari innkaupaverð en félaginu býðst í dag“.

Jafnframt segir: „Með því hefur félagið möguleika til útrásar þar sem sóknarfæri eru mikil en hafa ekki verið fyrir hendi áður þar sem ekki hefur verið hægt að keppa í verðum við stór erlend fyrirtæki á sama markaði. Þá skiptir einnig [sic] miklu [að] hægt verður að bjóða þeim viðskiptavinum sem nú eru hjá samrunaaðilum hagstæðari verð“.

Samrunaaðilar telja vörumarkaðinn í þessu máli vera veitingu fjarskiptaþjónustu um gervihnött til skipa, einkum þeirra sem sigla það langt frá landi að venjuleg fjarskiptatækni dragi ekki þangað. Um landfræðilega markaðinn segir: „rökréttast [væri] að afmarka landfræðilega markaðinn við þau svæði þar sem eru þjónustuveitendur sem annaðhvort geta veitt eða veita í raun fyrirtækjum hér á landi sambærilega þjónustu og í málinu greinir eins og samrunaaðilarnir. Sé við þetta miðað verður landfræðilegi markaðurinn aldrei minni en Evrópa og Norður-Ameríka og í raun standa full rök til að skilgreina landfræðilega markaðinn sem heiminn allan“.

Sé litið til stærðar hins landfræðilega markaðar telja samrunaaðilar ljóst að hlutdeild samrunafélaganna á honum muni ekki verða mikil. Þar séu fyrir stórir aðilar sem þjónusti all flesta notendur í heiminum, þar á meðal nokkra stóra íslenska aðilia. Af þessu megi ráða að með samruna félaganna muni markaðsráðandi staða ekki myndast og samkeppni á markaðnum ekki raskast. Þá er einnig tekið fram að engin fyrirtæki sem stundi viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir, séu með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum samrunaaðila eða eigendum þeirra.



#### 4.

Samruni Símans og Radíómiðunar flokkast undir láréttan samruna þar sem hluti starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Því er ljóst að samlegðaráhrifa muni gæta í starfsemi félaganna á sviði fjarskiptaþjónustu til skipa. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Símans á fjarskiptahluta Radíómiðunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með kaupsamningi, dags. 24. maí 2006, keypti Síminn hf. rekstur Radíómiðunar-Ísmar ehf. er tengist fjarskiptaþjónustu félagsins. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafst frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson